



Berist til:
Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogur, 7. febrúar 2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018 (fjölgun mismununarþátta), mál nr. 168, 152. löggjafarþing 2021-2022.

Áherslur:

Að löggjöf sem ætlað er að stuðla að jafnrétti fatlaðs fólks á við ófatlað fólk og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli fötlunar, taki mið af sérstökum og sérgreindum aðstæðum fatlaðs fólks.

Greinargerð:

NPA miðstöðin er samvinnufélag fatlaðs fólks sem er með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Félagið hefur meðal annars það hlutverk að stuðla að innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Miðstöðin er alfarið í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks. NPA miðstöðinni barst ekki umsagnarbeiðni vegna frumvarps um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þar sem meðal annars er ætlunin að bæta fötluðu fólki við gildandi löggjöf. NPA miðstöðin óskar framvegis eftir því að fá umsagnarbeiðnir um mál sem varða fatlað fólk og hagsmuni þess. Ekki hefur unnist tími til þess að taka saman ítarlega umsögn um frumvarpið en NPA miðstöðin telur þó rétt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Til þess að löggjöf sem ætlað er að vinna gegn mismunun gegn fötluðu fólki og stuðla að raunverulegu jafnrétti þeirra til jafns við aðra náí markmiði sínu, er mikilvægt að hún taki tillit til sértækra og sérgreindra aðstæðna fatlaðs fólks. Mismunun, fordómar og órétti sem beinist gegn fötluðu fólki er gjarnan af öðrum meiði en það sem beinist að ófötluðu fólki, auk þess sem skyldur hvíla á stjórnvöldum til þess að uppfylla kröfur um tiltekna þjónustu, aðgengi og aðlögun. Tilurð þess að sérstökum samningi var komið á um réttindi fatlaðs fólks á vegum Sameinuðu þjóðanna var einmitt vegna þess að ekki er hægt að skeyta saman aðstæðum fatlaðs fólks við aðra jaðarsetta hópa eða hópa sem eru gjarnan útsettir fyrir mismunun, fordómum eða órétti. Til þess stuðla að raunverulegu jafnrétti og inngildingum fatlaðs fólks í samfélaginu, til jafns við aðra, þarf að mati NPA miðstöðvarinnar að útfæra slíka löggjöf nánar og sérstaklega með aðstæður fatlaðs fólks í huga, en ekki þannig að

fötluðu fólki sé skeytt inn í aðra löggjöf, með öðrum hópum sem vissulega þarfnast einnig verndar gegn mismunun.

Virðingarfyllt,
Fh. NPA miðstöðvarinnar,



Hjörtur Örn Eysteinnsson
Framkvæmdastjóri

Rúnar B.H. Þorkelsson

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
Formaður